

HÚSÖNDIN

43 Hbbluðsvegur, 101 Reykjavík Mývatnssveitar, husondin@gmail.com

Ár 2018-2019 Gagnandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:

8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 13.-19. DESEMBER

- 13.11 Ásmundur Kristjánsson,
Guðrún Ösp Erlingsdóttir
Ísabella Ösp Guðmundsdóttir
- 14.11 Hólmgeir G Hallgrímsson
- 15.11 Marcelina Magdalena Pawlowska
- 16.11 Inga Freyja Þórarinsdóttir
- 17.11 Sigrún Skarphéðinsdóttir,
Kristján Þórhallsson
- 18.11 Lukasz Boguslaw Czekanski
- 19.11 Marcin Kozaczek,
Sigurður Ólafur Friðbjarnarson

Jólaandinn svífur yfir Mývatni

mylla
RESTAURANT

Ljúffengur jólabrunch á Myllu Restaurant

Njótið aðventunnar með fjölskyldunni eða í góðra vina hópi í jólabrunch, umvafin hátíðlegu umhverfi Mývatnssveitar á Myllu Restaurant.

Jólabrunch hlaðborð 16. desember milli kl. 11.30 og 15.00.

Verð: 4.700 kr. á mann (hálf gíald fyrir 6-12 ára, frítt fyrir 0-5 ára)

Við hlökkum til að taka á móti þér og þínum í jólaskapi!



Leikskólinn Ylur

Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu og þarf viðkomandi að geta hafið störf 2. janúar. Umsóknarfrestur er til 14. des. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skylirði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar starfsmann í 100% stöðu 2. janúar. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsuefandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karellen leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið **ingibjorg@skutustadahreppur.is** eða leggja inn starfsumsókn á heimasíðu leikskólans: ylur.leikskolinn.is undir flípanum upplýsingar.



Skráning hafin á **veggjald.is**

Það stýttist í opnun Vaðlaheiðarganga. Veggjald fyrir að aka í gegnum göngin verður innheimt rafrænt. Það greiðist í gegnum heimasíðuna veggjald.is, sem hefur verið opnuð, og einnig er þar hægt að ná í app fyrir snjallsíma.

1 **Skráning**

Skráðu ökutæki og greiðslukort á **veggjald.is** ogaktu síðan í gegnum göngin. Skráningin er án endurgjalds. Veggjaldið skuldfærast af greiðslukorti í hvert skipti sem keyrt er um göngin.

Skráðum notendum bjóðast afsláttarkjör af fyrirfram greiddum ferðum. Því fleiri ferðir sem eru keyptar, þeim mun lægri upphæð greiðist fyrir hverja ferð.

2 **Stök ferð**

Einnig verður hægt að kaupa staka ferð á veggjald.is eða með símaappi allt að þremur tímum áður eða í síðasta lagi þremur tímum eftir að ekið er í gegnum göngin.

Gjaldskrá Vaðlaheiðarganga og allar upplýsingar um veggjaldið eru á íslensku og ensku á **www.veggjald.is**



VEGGJALD



VAÐLAHEIÐARGÖNG





Saga um álfir

Nú er vorið komið. Það eru 3 ár síðan álfín Blíða hitti maka sinn Hnokka. Þá voru þau sitt í hvorum álfthóp á Út- Héraði. Þau voru þá 6 ára gömul og því búin að hlaupa af sér hornin með hinum ungsvönunum. Einn daginn voru báðir hóparnir á beit við bakka Lagarfjós. Þá skeði óvæntur atburður. Refur kom í ljós uppi á holti og um leið og álfirnar urðu hans varar kom styggð að hópunum. Álfirnar urðu dálítið ráð villtar og vissu ekki alveg í hvaða átt þær skyldu halda. Þess vegna tóku sumar stefnuna á Snæfell en aðrar á Beinageitarfjall. Blíða hóf sig hátt á loft og hugðist verða samferða vinkonum sínum sem stefndu í suðurátt. Þá kom Hnokki aðvífandi frá vinstri og flaug upp að hliðinni á henni. Þegar Blíða sá hann kviknaði neisti í brjósti hennar og hún fann fiðring fara um sig. Hún hafði aldrei séð svona myndarlegan stegg áður og nú byrjaði hann að kvaka til hennar ástaróð. Þvílík dásemdar rödd sem hann hafði þessi ástleitni gæi. Hún varð að taka undir þennan ástaróð og fyrr en varði voru þau farin að tjá hvort öðru ást sína. Þau yfirgáfu hina svanina og tóku stefnu í vesturátt. Þau svifu á vit nýrra ævintýra og þau vildu finna sér gott framtíðarland til að búa á.

Heiðin tók vel á móti þeim og breiddi út faðminn með gróskumiklum mýrum og bláum tjörnum en í baksýn reis Herðubreið. Hér skulum við búa – já hér skulum við gera okkur hreiður kvökuðu þau og renndu sér tignarlega í átt að einni tjörninni og settust. Vorið var sannarlega komið og gróðurinn farinn að taka við sér svo nóg var af æti fyrir Blíðu og Hnokka. Næturnar voru bjartar og sólarylurinn vermdi þau þar sem þau kvökuðu á tjörninni sinni svo undir tók í hæðum og ásum. Þau hjálpuðust að við byggingu hreiðurdyngjunnar. Svo byrjaði Blíða að verpa og það komu 5 egg. Þegar hún varð svöng þá breiddi hún vel yfir egginn sín og renndi sér út á tjörnina til að ná sér í æti. Hnokki var alltaf stutt frá hreiðrinu og gætti vel að hvort nokkur hætta væri á ferðum. Þegar liðnar voru 6 vikur kom loksins lítið gat á eitt eggíð og svo heyrðist lítið pípp – pípp úr fyrsta unganum þegar hann skreið út. Úff hann var blautur og hræddur við veröldina. En álfmamma beygði niður langa hálsinn sinn og vermdi litla krílið. Smám saman þornaði fiðrið á unganum og þá fór hann að reka hausinn upp í loftið og skoða sig betur um.

Brátt hafði hann eignast þrjú systkini sem voru öll ljósgrá eins og hann. Blíða var mjög hamingjusöm með litlu krílin sín og Hnokki var að springa úr monti. Hann synti fram og aftur fyrir framan bakkann og beið óþolinmóður eftir því að fá að kenna ungunum að synda. Þegar fiðrið á ungunum var orðið þurrt fóru þeir með foreldrum sínum út á tjörnina. Og viti menn það þurfti ekkert að vera með neina sundkennslu því að þeir kunnu að synda um leið og þeir komu í vatnið. Þeir fundu ýmislegt gómsætt í vatninu og svo leituðu álftamamma og álftapabbi að góðu æti handa þeim og mötuðu þá.

Sumarið leið og ungarnir urðu stórir. Þegar þeir voru 3gja mánaða voru þeir komnir með fullvaxnar flugfjaðrir. Þá byrjuðu þeir að æfa flugið og búa sig undir veturinn. Í október kom sá dagur að Blíða og Hnokki ákváðu að nú skildu þau búa sig undir langt ferðalag. Þau hófu sig til flugs og allir ungarnir líka og tóku stefnuna á Lónsfjörð. Þar voru þau í eina viku en fóru síðan alla leið til Skotlands til vetrardvalar. Og þar skiljum við þau eftir í góðu yfirlæti á Skosku heiðunum. Endir

Sólveig Illugadóttir



Aðventustund í Mývatnsstofu

Þriðjudaginn 18. desember frá kl. 16:30 til 18:00 verður hin árlega aðventugleði í gestastofunni Mývatnsstofu.

Ljúfir tónar, léttar veitingar og föndur fyrir allan aldur.

Verið velkomin!

Umhverfisstofnun – Vatnajökulspjóðgarður –

Þekkingarnet Þingeyinga - Mikley



Þekkingarnet
Þingeyinga



VISSIR ÞÚ

AÐ Á SÍÐASTA ÁRI
FÓRU

218.000

GESTIR Í JARÐBÖÐIN
Í MÝVATNSSVEIT, SEM ER
JARÐHITAVATN ÚR
BJARNARFLAGI?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

Ekki láta þetta fram hjá ykkur fara!

Tónasmiðjan
kynnir

JÓLIN þín og mín...

Tónleikasýning Tónasmiðjunnar og gesta

**Jólatónleikarnir
verða haldnir í Húsavíkurkirkju
17. desember n.k. kl. 20:00**

Þar munu hljóma falleg, vinsæl og sígild jólalög í flutningi
Tónasmiðjunnar og gesta, 14 manna hljómsveit, bakraddir og einsöngvarar ásamt kór.
Samtals um 50 einstaklingar koma að því að flytja þér þessa tónlistarveislu, spila og
syngja inn jólin og koma þér í hátíðarskap á aðventunni.

Söngvarar:

Bylgja Steingrímsdóttir
Dagbjört Nótt Jónsdóttir
Dagný Diego Elvarsdóttir
Einar Óli Ólafsson
Elvar Bragason
Frímann Sveinsson

Fríðrika Bóel Jónsdóttir
Hafdís Inga Kristjánsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hólmfríður Bjartey Hjaltalin
Íris Alma Kristjánsdóttir
Ísabella Ásrún Fernholm

Katla María Guðnadóttir
Tryggvi Hrafn Sigurðsson
Valdís Jósefsdóttir
Viðja Karen Vignisdóttir
Þórdís Eir Jónsdóttir

Hljómsveit Tónasmiðjunnar og gesta:

Andrea Líf Einarsdóttir - trommur, bassi og gítar
Andri Már Sigursveinsson - rafmagnsgítar
Carl Mikael Fernholm - rafmagnsgítar
Elvar Bragason - kassagítar
Eypór Alexander Hallsson - hljómborð
Grétar Sigurðarson - saxafónn
Guðni Rúnar Helgason - hljómborð

Guðni Páll Jóhannesson - rafmagnsgítar
Hafsteinn Hjálmarsson - bassi
Hrefna Ósk Davíðsdóttir - þverflauta
Ingvar Örn Tryggvason - trommur og slagverk
Kristján Benediktsson - bassi
Sigurjón "Diddi" Sigurðsson - trommur og fiðla
Rafael Roque - rafmagnsgítar

Aðeins kostar 1500 krónur inn og virkar
aðgöngumiðinn sem lukkumiði.

Ágóði tónleikanna verður notaður til að
gleðja þá sem minna mega sín.

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

ÞÚ
SKIPTIR
MÁLI
FORVARNA- OG FRÆÐSLUSTARF

**Heiðursgestir:
Sólseturskórinn**